

Umsögn foreldraráðs Kópahvols um skólanámskrá útgefna 2025

Foreldraráð starfar samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og er það hlutverk foreldraráðs Kópahvols að styðja við starf leikskólans og sýna því aðhald. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að hlutverk foreldraráðs sé að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Á grundvelli laganna veitir foreldraráð Kópahvols eftirfarandi umsögn.

Umsögn

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár, en hún sætir endurskoðun á fimm ára fresti. Skólanámskráin á að taka mið af sérstöðu leikskólans ástamt stefnu Kópavogsbæjar og vera sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn mun fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna.

Í skólanámskrá útgefinni 2025 eru talin upp þau verkefni sem leikskólinn tekur þátt í ásamt því að fara yfir helstu markmið starfsins. Námskráin er vandlega skrifuð, vel uppsett og skýr. Hún tekur fyrir helstu markmiðin og skýrir þau vel með hugmyndafræði leikskólans til hliðsjónar um uppbyggingu sjálfsaga og uppeldi til ábyrgðar, en hugmyndafræðin er lauslega útlistuð ásamt því að foreldrar geta lesið sér nánar til um hana með beinum tengli í skólanámskránni. Einkunnarorð leikskólans um gleði, samkennd, frelsi og hugrekki má segja að séu gegnumgangandi í markmiðum um starf leikskólans.

Kópahvoll var hluti fimm leikskóla í Kópavogi sem hlutu viðurkenningu UNICEF fyrir að vera réttindaskólar stofnunarinnar árið 2022 en það starf hefur haldið áfram og þróast í samstarfi barnanna og starfsfólks leikskólans. Þá vinnur Kópahvoll, ásamt öðrum leikskólum Kópavogs eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í skólanámskránni er sagt frá því starfi sem þessu tengist ásamt undirstofnun þess, UNICEF. Þá hefur Kópahvoll verið Sólblómaleikskóli frá árinu 2019 en það þýðir að starfsfólk og börn styrkja framfærslu fyrir Jósías, sem er paragvæskur drengur í barnaþorpi SOS barnahjálparsamtakanna. Það er mat foreldraráðsins að fyrirnefnt starf styrki markmið og hugmyndafræði Kópahvols og er unnið markvisst að þeim skilyrðum sem UNICEF setur um réttindaskóla og hefur því til stuðnings verið unnið að og gerðar tilraunir til aukningar á lýðræði í starfi skólans.

Í skólanámskránni er lögð mikil áhersla á leik. Sagt er í grunnatriðum frá hvernig unnið er með leik sem sjálfsnám og er sjálfspróttinn leikur megin námsleið á Kópahvoli. Þá er unnið markvisst að læsi og samskiptum innan leikskólans. Útlistað er vel í námskránni hvað er átt við með því og er unnið að snemmtækri íhlutun með matskerfinu TRAS sem er skráningarlisti sem notaður er til þess að fylgjast með máltökum tveggja til fimm ára barna eins og segir í skólanámskránni. Ásamt því sem nefnt er hér er sagt frá öðrum þáttum til þess að efla málþroska barna á leikskólanum.

Þá er farið yfir aðra þætti starfseminnar í skólanámskránni. Lögð er áhersla á heilbrigði og almenna vellíðan með góðri næringu, hreyfingu og hvíld. Þá er sagt frá því í glæru um sjálfbærni og vísindi að gera börnin meðvituð um náttúruna og sitt nærumhverfi. Það er mat foreldraráðsins að þetta séu þættir sem hjálpa til við þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér og þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Kópahvoll hefur undirgengist.

Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á sköpun. Foreldraráð hvetur leikskólann til að halda því góða starfi því tengdu áfram, enda brýtur það upp starfið og veitir börnunum frelsi til þess að blómstra á sínu sviði, sé vilji barnsins til þess.

Foreldraviðtöl eru skipulögð með reglulegum hætti þar sem farið er yfir stöðu barnsins, til dæmis er varðar málþroska þess og almenna líðan. Samstarf milli heimilis og skóla er stór áherslupáttur frá upphafi leikskólagöngu barnsins og leggur Kópahvoll áherslu á að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi og velferð barns síns en með góðum samskiptum og sífelldu upplýsingastreymi verður til gott samband milli heimilis og skóla.

Lokaorð

Foreldraráð Kópahvols telur starfsáætlun leikskólans skýra, metnaðarfulla og lýsa markmiðum leikskólans vel.

Virðingarfyllst,

foreldraráð Kópahvols

Agúste Jónsd.
Rósal Elíasd.